



VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901
KENNITALA 680269-6889 – www.vlfa.is

Miðstjórn ASÍ
Sætúni 1
105 Reykjavík

Akranesi, 19. september 2009

Tillaga stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness um breytingar á samningi um lífeyrismál við Vinnuveitendasamband Íslands (nú SA) dagsettum 12. desember 1995

Ársfundur Alþýðusambands Íslands haldinn á Hótel Nordica dagana 22. til 23. október samþykkir að miðstjórn ASÍ hefji strax vinnu við endurskoðun á samningi Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands um lífeyrismál sem undirritaður var 12. desember 1995 eins og 16. grein samningsins heimilar.

Ársfundur Alþýðusambands Íslands samþykkir að fela miðstjórn ASÍ umboð samkvæmt 16. grein samningsins til að gera þær breytingar á samningnum sem tryggi að launafólk yfirtaki stjórnun lífeyrissjóða innan ASÍ. Jafnframt samþykkir ársfundurinn að unnið verði að breytingum á reglugerðum sjóðanna þannig að sjóðsfélagar kjósi stjórnarmenn beinni kosningu.

Greinargerð:

Nú eru liðin 40 ár frá því að Alþýðusamband Íslands gekk fyrst frá samningi um lífeyrismál við Vinnuveitendasamband Íslands, en í þeim samningi er kveðið á um að verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur skipti með sér sætum í stjórnum lífeyrissjóðanna að jöfnu. Annar samningur var gerður milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambandsins (nú SA) þann 12. desember 1995. Í þeim samningi er einnig kveðið á um stjórnir lífeyrissjóðanna skuli skipaðar fulltrúum stéttarfélagna og samtaka atvinnurekenda að jöfnu.



VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES

SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901

KENNITALA 680269-6889 – www.vlfa.is

Í 16. grein samnings Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands um lífeyrismál sem undirritaður var 12. desember 1995 segir orðrétt:

"Samningsaðilar eru sammála um að nauðsynlegt verði að endurskoða og aðlaga þetta samkomulag með reglulegu millibili með tilliti til reynslu og breyttra aðstæðna í þjóðféluginu. Til að auðvelda slíka aðlögun er miðstjórni ASÍ, í samráði við formenn landssambanda innan ASÍ, gefið umboð til að fjalla um og undirbúa slíkar breytingar, sem miðstjórni ASÍ tæki síðan til endanlegrar afgreiðslu fyrir hönd þeirra félaga innan ASÍ, sem aðild eiga að lífeyrissjóðum sem undir þetta samkomulag falla."

Á grundvelli þeirrar greinar sem hér hefur verið vitnað í sést að ársfundur Alþýðusambands Íslands er nákvæmlega rétti vettvangurinn til að taka ákvörðun um hvort ekki sé tímabært að breyta því að atvinnurekendur eigi rétt á stjórnarsetu í lífeyrissjóðum, enda hefur ársfundur Alþýðusambands Íslands æðsta vald í öllum málum Alþýðusambands Íslands skv. 21. grein laga sambandsins.

Það er öllum ljóst að traust og trúverðugleiki lífeyrissjóðanna hefur beðið gríðarlega hnekki á undanförnum misserum. Þetta traust verður verkalýðshreyfingin að byggja upp aftur og einn liður í því að byggja upp traustið og trúverðugleikann á ný er að atvinnurekendur víki úr stjórnnum lífeyrissjóðanna, enda ríkir ekki mikil sátt á meðal sjóðsfélaga um aðild atvinnurekenda að stjórnnum lífeyrissjóðanna. Nægir að nefna í því samhengi að þó nokkur stéttarfélög hafa að undanförnu ályktað um mikilvægi þess að sjóðsfélagar einir sjái um stjórnun sjóðanna. Það liggur fyrir að greiðslur í lífeyrissjóð eru kjarasamningsbundin réttindi sem launafólk hefur áunnið sér á liðnum árum og áratugum og þar af leiðandi eign launþegans. Það á að vera skýlaus réttur sjóðsfélaga sem eru eigendur að sjóðunum að sjá um stjórnun þeirra, enda eru hagsmunir sjóðsfélaga afar ríkir um hvernig fjárfestingastefna er ákveðin fyrir sjóðina.

Það eru engin haldbær rök fyrir því að atvinnurekendur skuli sitja í stjórnnum lífeyrissjóðanna. Það er t.a.m. afar óeðlilegt að atvinnurekendur séu að taka ákvörðun um fjárfestingarleiðir þegar liggur fyrir að krosseignatengsl og hagsmunárekstrar fulltrúa atvinnurekenda í sjóðunum geta klárlega skarast á við hagsmuni sjóðsfélaga.

Það er augljós hætta á að fulltrúar atvinnurekenda í stjórnnum lífeyrissjóðanna hafi hagsmuni atvinnurekenda en ekki sjóðsfélaga að leiðarljósi þegar kemur að ákvörðunum um fjárfestingarleiðir. Grundvallaratriðið er að það eru eigendur sjóðanna, sjóðsfélagarnir sjálfir, sem eiga að sjálfsögðu að fara með stjórnun sjóðanna. Það er löngu tímabært að atvinnurekendur víki tafarlaust úr stjórnnum lífeyrissjóðanna, enda er íslenskt launafólk þess full fært að ráða sjálft sínum málum varðandi ávöxtun síns lífeyris.

Það þarf einnig að stórauka lýðræði innan lífeyrissjóðanna, það þarf að tryggja að hinn almenni sjóðsfélagi hafi tækifæri til að bjóða sig fram til stjórnarsetu að uppfylltum hæfniskröfum skv. 31. grein laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða frá árinu 1997. Það þarf að



VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

SUNNUBRAUT 13 – 300 AKRANES
SÍMI 430 9900 – FAX 430 9901
KENNITALA 680269-6889 – www.vlfa.is

tryggja að stjórnarmenn verði kosnir beinni kosningu af sjóðsfélögum. Stóraukið lýðræði sjóðsfélaga er gríðarlega mikilvægur þáttur í að byggja upp traust og trúverðugleika lífeyrissjóðanna að nýju.

Ljóst er að á liðnu ári hafa orðið miklar breytingar á íslensku þjóðfélagi sem kalla nú eftir endurskoðun á stjórnun lífeyrissjóðanna. Launafólk almennt er mjög ósátt við hvernig hópur atvinnurekenda hefur komið íslensku þjóðfélagi á heljarþróm með ógætilegum fjárfestingum og þar af leiðandi stefnt lífeyri landsmanna í umtalsverða hættu. Lífeyrissjóðirnir hafa skaðast gríðarlega og almenningur í landinu mun gjalda fyrir með lægri lífeyrisgreiðslum í framtíðinni. Það er morgunljóst stórauka verður gegnsæi og siðferði í starfssemi sjóðanna.

Á þessum forsendum öllum er þessi tillaga lögð fram af stjórn og trúnaðarráði Verkalýðsfélags Akraness, með hagsmuni sjóðsfélaga að leiðarljósi.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness

Vilhjálmur Birgisson
Vilhjálmur Birgisson